

Nd.

852. Frumvarp til laga

[209. mál]

um viðauka við lög nr. 11 23. apríl 1928, um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

Aftan við lögin komi svo hljóðandi viðauki:

Landbúnaðarráðherra er heimilt að leyfa innflutning á kjöti til landsins í apríl-, maí- og júnímánuði 1954. Leyfi þetta má því aðeins veita, að yfirdýralæknir samþykki innflutninginn og fylgt verði fyrirmælum hans um kjötinnflutning þennan.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðastliðnu framleiðsluári var nokkur skortur á kjöti til neyzlu í landinu, þótt vandræðalaust mætti telja, enda var kjöt skammtað að nokkru leyti síðustu mánuði framleiðsluársins. Miðað við 1. marz þessa árs er nú um 850 tonnum minna af kjöti í landinu en á sama tíma s. l. ár, samkvæmt upplýsingum framleiðsluráðs landbúnaðarins. Neyzla kindakjöts hefur þó verið um 400 smálestum meiri, það sem af er þessu framleiðsluári, en hún var síðastliðið framleiðsluár. Af þessu má ráða, að skortur á kjöti og kjötvörum verður mjög tilfinnanlegur á þessu vori.

Til þess að bæta úr kjötskortinum hefur framleiðsluráð landbúnaðarins tilkynnt ráðuneytinu, að það telji rétt að leyfa innflutning á kjöti. Að sjálfsögðu verður innflutningsleyfi því aðeins veitt, að yfirdýralæknir samþykki innflutninginn og fylgt verði í öllum greinum þeim skilyrðum, sem hann kann að setja til þess að tryggja það, að búfjársjúkdómar flytjist ekki til landsins í sambandi við þennan innflutning.